
Norðausturvegur yfir Brekknaheiði á Langanesi

Fornleifaúttekt innan efnistökusvæða



SÓLVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR BECK

REYKJAVÍK 2023
FS905-22441

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Tóft NM-001:093 af hugsanlegum stekki eða beitarbúsi í landi Gunnólfsvíkur á Langanesi, Norður-Múlasýslu. Horft til suðvesturs. Ljósmynd: Sólveig G. Beck.

©2023

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BRÆÐRABORGARSTÍGUR 9
101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 5511033
NETFANG: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Samantekt	4
Summary	4
1. Inngangur	5
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....	7
3. Aðferðir við fornleifaskráningu.....	8
4. Fornleifaskrá	10
4.1. NM-001 Gunnólfsvík	10
4.2. NP-112 Syðra-Lón/Guðmundarlón.....	12
5. Samantekt um fornleifar innan efnistökusvæða	16
6. Heimildaskrá	20
7. Hnitaskrá ISN93.....	21

Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður fornleifaúttektar sem gerð var fyrir hönd Vegagerðarinnar í tengslum við endurbætur á Norðausturvegi 85 á Langanesi. Vegurinn liggur yfir Brekknaheiði, frá Þórshöfn í vestri yfir í Gunnólfsvík í austri. Tekin voru út níu lítil efnistökusvæði meðfram veginum, eitt rétt suðaustan við Þórshöfn (náma 8), sjö á heiðinni sjálfri (námur 3-4, 6-7 og 9) og þrjú niðri í Gunnólfsvík (námur 1, 2 og 5). Um skráningu á vettvangi sá Sólveig G. Beck í nóvember 2022. Alls voru skráðar fjórar fornleifar í tengslum við tvö efnistökusvæði. Við námu 1 í Gunnólfsvík var skráð tóft NM-001:093 og við námu 3 á Brekknaheiði voru skráðar tvær tóftir NP-112:080-081 og ein varða NP-112:082. Allar fornleifarnar eru skilgreindar í stórhættu vegna fyrirhugaðrar efnistöku.

Efnisorð: fornleifaskráning, Brekknaheiði, Þórshöfn, Norðausturvegur, vegagerð, efnistökusvæði

Summary

This report covers the findings and conclusions of a detailed field survey of nine potential mining sites to be sourced for road construction materials when rebuilding Norðausturvegur road no. 85 on Langanes, Northeast Iceland. The mining sites are located along the old road that leads from Þórshöfn in the west, over Brekknaheiði to Gunnólfsvík in the east. Mining site 8 is just southeast of Þórshöfn, seven sites are on the heath (no. 3-4, 6-7 and 9) and three down in Gunnólfsvík (no. 1, 2 and 5). The survey was carried out in November 2022 by archaeologist Sólveig G. Beck. Four archaeological sites were recorded in connection to mining areas no. 1 (one ruin NM-001:093) and no. 3 (two ruins and a cairn, NP-112:080-082). All archaeological sites are considered to be in great danger due to mining plans within the assessed areas.

Keywords: detailed archaeological survey, Brekknaheiði, Þórshöfn, Norðausturvegur, road construction, mining

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir fornleifaúttekt innan fyrirhugaðra efnistökusvæða (námur 1-9) í tengslum við áætlanir Vegagerðarinnar um endurbætur á Norðausturvegi 85 sem liggur yfir Langanes, frá Þórshöfn í vestri yfir í Gunnólfsvík í austri (mynd 1). Tillögur að nýju vegstæði Norðausturvegar hafa áður verið settar fram af Vegagerðinni og voru áhrifasvæði þeirra tekin út árið 2019 af Elínu Ósk Hreiðarsdóttur, Gylfa Helgasyni og Kristborgu Þórsdóttur hjá Fornleifastofnun Íslands ses.¹ Efnistökusvæðin sem tekin voru út að þessu sinni eru frekar lítil (~0,1-4,2 ha) og eru þau öll staðsett meðfram Norðausturvegi, eitt rétt suðaustan við Þórshöfn (8), sjö á heiðinni sjálfri (3-4, 6-7 og 9) og þrjú niðri í Gunnólfsvík (1, 2 og 5). Vettvangsvinna var unnin í nóvember 2022 af Sólveigu G. Beck, fornleifafræðingi hjá Fornleifastofnun Íslands ses, fyrir hönd Vegagerðarinnar. Sá hún einnig um kortagerð og ritun skýrslu.

Uppbygging skráningarskýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Í kjölfar inngangs koma kaflar um sögu fornleifaskráningar og aðferðir við slíka skráningu. Á eftir fylgir svo fornleifaskrá með uppmælingum og ljósmyndum af skráðum fornleifum innan úttektarsvæðanna níu. Í kjölfarið fylgir kafli þar sem helstu niðurstöður eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni er svo heimildaskrá og hnitaskrá.

¹ Gylfi Helgason (ritstj.), 2019. FS770-19321.



Mynd 1: Námusvæðin níu sem voru til úttektar meðfram Norðausturvegi á Langanesi. Staðsetning úttektarsvæða er merkt sem grænn punktur á Íslandskorti. Alls voru skráðar fjórar fornleifar á námusvæðum 1 og 3 og eru þær merktar með rauðum punkti. © Loftmyndir ehf. Kortagrunnur: Landmælingar Íslands.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slíppir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.


3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: NM-001:093). Fornleifaskráin hér að neðan samanstendur af lista yfir allar þær fornleifar og sögulega markverða minjastaði (t.d. herminjar úr seinni heimstyrjöld) sem skráðir voru á vettvangi. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og þar sem yfirborðsummerki sjást er gerð uppmæling af þeim. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Meginreglan er að minjastaðir sem eru innan marka deiliskipulags eða annarra fyrirhugaðra framkvæmdasvæða séu í stórhættu vegna framkvæmda. Með því er ekki lagt mat á gildi minjastaðanna sjálfra, aðeins vakin athygli á að umræddur staður kunni að teljast í talsverðri hættu vegna framkvæmda. Í mörgum tilfellum má afstýra yfirvofandi hættu með því að tryggja að minjastaðir víki ekki eða verði fyrir skemmdum í framkvæmdum. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Mynd 2: Dæmi um framsetningu upplýsinga um minjar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

4. Fornleifaskrá

4.1. NM-001 Gunnólfsvík

Sögulegar heimildir

Árið 1847 er jarðardýrleiki 6 hdr. - JJ, 350. Landnám Gunnólfs kroppu, sem er nyrsta landnám í Austfirðingafjórðungi hinum forna: „Gunnólfr kroppa hét maðr, son Þóris hauknefs hersis; hann nam Gunnólfsvík ok Gunnólfsfell ok Langanes allt fyrir utan Helkunduheiði ok bjó í Fagravík [svo].“ - ÍF I, 288. „Vafalítið hefur Gunnólfur tekið land í Gunnólfsvík, sem við hann er kennd. Numinn mun þá hafa verið Finna fjörður, þess vegna hefur Gunnólfur reist bæ sinn austan undir Gunnólfsvíkurfjalli utarlega, þar sem betur naut landrýmis landnámsins. Útskagalandnám má þetta kallast, en næg er þó gagnsemin þar af sjó og landi.“ - HS: Austurland II, 26.

Gunnólfsvíkur er getið í rekaskrá Skálholtsstaðar frá því um 1270: „fyrir Gunnólfsvíkj fiordvngur j hval.“ - DI II, 71 og 74. Ítök Refsstaðakirkju í Vopnafirði skv. máldaga frá árinu 1367: „hval firir Gvnnolfs vijk med slykv maldaga.“ - DI II, 236. Gunnólfsvík var í eyði þegar Bjarni Pálsson fór um svæðið 1757 skv. Ferðabók Eggerts og Bjarna. - FEB II, 92. Í Gunnólfsvík var tvíbýli og stundum fleirbýli. Þar var löggild verslunarhöfn 1930 en lagðist niður um 1940. Jörðin fór í eyði 1961. - SJM I, 10, 14. Gunnólfsvík II fór í eyði 1952. - SJM V, 20.

Túnakort [í kringum 1920]: Tún 5,9 ha., garðar 342 m². Gunnólfsvík er nyrsta jörð í Skeggjastaðhreppi. „Útvörður Austurlands í norðri, Gunnólfsvíkurfjall ... rís austan við Gunnólfsvíkina upp frá Finnafirði og Bakkaflóa. Suðausturströndin út með fjallinu er sæbrött, neðan til skorin urðargiljum en grasi vaxnir jaðrar á milli ... Gunnólfsvíkin er suðvestan við fjallið ... upp frá sjónum er allvíður skeifulaga dalur með grashjöllum ... Þar standa bæirnir um 1 km upp frá sjó með brekkuhöll og hjalla að baki, en framundan er mýrlendi og móar ofan undir lága sjávarbakka ... upp frá bæ liggur Bjarnardalur í sveig út og norður fyrir Gunnólfsvíkurfjall ... vestan dalsins er hálsatunga ... Landrými er mikið og góðir gripahagar á sumrin, útbeit einnig kjarngóð, þegar ekki eru snjóþyngsli til бага, sem oft vill verða, því landið er skjólsælt fyrir norðanátt og leggur þá skefli. Engjar voru víðlendar og grasgefnar ... en nokkuð votlendar. Túnið var grasgefið, en deiglent og illþýft að hluta ... Fjárgeymsla erfið ... Jörðin hentar þó til búskapar, einkum sauðfjárræktar.“ - SJM I, 14. Hlunnindi: Trjáreki og útræði.

Skráðar minjar

NM-001:093 tóft óþekkt

A: 673625 N: 631771

Greinileg tóft er um 880 m suðvestan við bæjarstæði Gunnólfsvíkur NM-001:001, um 425 m suðaustan við bæjarstæði Sóleyjarvalla NM-003:001, um 200 m austan við Norðausturveg nr. 85, og um 50 m ofan og norðvestan við Bjarnalæk. Tóftin er í jaðri malarholts sem er sundurskorið vegna efnistöku. Blaut, flatlend mýri er fast sunnan og neðan við tóftina sem er í aflíðandi halla til suðurs niður að Bjarnalæk.

Tóftin er tvískipt, um 13 m á lengd, um 8,5 m á breidd og snýr norður-suður. Veggir eru signir og grónir grasi, mosa og lyngi. Þeir eru um 1,5-2 m á breidd og 0,5-1 m á hæð að utanverðu, en aðeins 0,2-0,5 m á hæð að innanverðu. Hólfín eru svipuð að stærð þó syðra hólfið sé aðeins minna. Nyrðra hólfið er um 4,5x3 m að innanmáli og snýr NNV-SSA og syðra og neðra hólfið er 3x2,5 m að innanmáli og snýr eins. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Óljóst er hvar gengið hefur verið inn en líklega hefur það verið að sunnanverðu. Hlutverk tóftar er óþekkt en af útliti og fjarlægð frá bæ að dæma gæti hafa verið stekkur eða beitarhús. Norðurendi tóftarinnar gæti hafa orðið fyrir skemmdum vegna malarnáms eða malarefni hefur verið ýtt út yfir enda hennar.



Mynd 3: Tóft 001:093 í landi Gunnólfsvíkur í suðurjaðri námu 1. Horft til suðvesturs. Op inn í nyrðra hólfið á teikningu sýnir hvar umferð búfénadar hefur rofið dæld í vegginn og göturnar sjást vel á ljósmynd.

4.2. NP-112 Syðra-Lón/Guðmundarlón

Sögulegar heimildir

Í lok 17. aldar er jörðin eign Hólabiskups og jarðardýrleiki árið 1686 er 16 hdr., 160 ál., og árið 1696: 20 hdr. - BL 1967, 305. Í *Jarðabóke Árna og Páls* árið 1712 er jörðin ennþá Hólabiskupseign og þar segir: „Guðmundar lón, kallast almennilega Syðra lón. Jarðardýrleiki rómast að sjé xii hdr., en enginn veit það nú til vissu hjer nálægur, með því jörðin tíundast ekki sjer í lagi, heldur geldur stólsins umboðsmaður af öllum dómkirkjunnar jörðum hjer innan sóknar xxx álnir til prestsins og xxx álnir til fátækra.“ - JÁM XI, 372. Samkvæmt *Jarðatali Johnsen* árið 1847 er hún orðin bændaeign og jarðardýrleiki 12 hrd. - JJ, 346. Í kirknaskrá Orra Vésteinnssonar segir að líkur bendi til þess að bænhús hafi verið á jörðinni. Í landi Syðra-Lóns var í byrjun 18. aldar eyðihjáleigan Hrossavellir (NP-111:028) - JÁM XI, 373. Aðrar þekktar eyðihjáleigur á jörðinni eru Guðlaugarhús (NP-111:008) og Fossvellir (NP-111:023). Í örnefnaskrá segir svo: „Jörðin var í Sauðaneshreppi, en árið 1946 var Þórshafnarhreppur skipt úr Sauðaneshrepp og er það landareign Syðra-Lóns og með því smásneið af Sauðaneslandi,“ - Ö-Syðra-Lón, 1. Í *Land og fólk* segir um Þórshöfn: „Kauptúnið Þórshöfn var byggt í landi Syðra-Lóns og var í Sauðaneshreppi þar til þorpið var gert að sérstökum hreppi 1946. Árið 1962 keypti Þórshafnarhreppur útmældan hluta úr landareign Syðra-Lóns,“ - *Land og Fólk* 1985, 201.

Í hinu *Íslenska fornbréfasafni* (DI) finnast margar færslur um Syðra-Lón í máldögum, rekaskrá og öðrum skjölum:

1296: Rekaskrá Hólastaðar og Möðruvallaklausturs - DI II, 306, 310.

1367: Máldagi Refstaðakirkju [NM-064:002] í Vopnafirði - DI III, 235, og 1397 - DI IV, 218.

1461: Máldagi Múlakirkju í Aðalreykjadal - DI V, 283-284.

1463, 2. september: „Jón Eyjólfsson selr Ólafi biskupi Rögnvaldssyni til fullrar eignar jörðina Guðmundarlóni á Langanesi með rekaparti í Dritvík, en Ólafr biskup láti kenna syni Jóns tólfvetra gömum til prests; kvittar og biskup Jón um rekaítök, en Jón galt fyrir sex málnytukúgildi.“ - DI V, 390.

1464, 29. júní: „Þóra Guðmundsdóttir samþykkir sölu Jóns Eyjólfssonar bónda síns á jörðinni Guðmundarlóni til Hólakirkju í Hjaltadal.“ - DI V, 421.

1494, 29. júní: „Þóra Guðmundsdóttir samþykkir sölu Jóns Eyjólfssonar á jörðinni Guðmundarlón til Hóladómkirkju.“ - DI VII, 216.

1525: Máldagi Hólabiskupsstóls - DI IX, 294.

1563: Máldagi Múlakirkju - DI XI, 143.

1570 og síðar: Máldagi Refstaðakirkju - DI XV, 677.

Jarðaitök Guðmundarlóns/Syðra Lóns eru einnig nefnd í *Íslenskum fornbréfum* í rekaskráum og máldögum:

1296: Rekaskrá Hólastaðar og Möðruvallaklausturs: „Guðmundarlons reki. Half flutningh firir ollu lons landi. Fra vordu aa hafua bockum ok til staurs [steins] i holmi i gudmundar loni. fiordungr ef Rekr. en þaðan fra til steins ov lns osi toltfutr ef Rekr.“ - DI II, 306.

1367: Máldagi Refstaðakirkju í Vopnafirði: „J Gudmvndr lone attvngv i flvtngvm mille kross oc hrafvnlækjar.“ - DI III, 236. Samhljóða ítak er að finna í máldaga Refstaðakirkju frá 1397. - DI IV, 218, og 1570 og síðar - DI XV, 678.

1461: Máldagi Múlakirkju í Aðalreykjadal: „Fiordungr hualreka oc flutningh fyrir gudmundarloni. Millum steins oc staurs halfer þrir hluter hualreka. en þaðan fra halfuer hualrekar oc flutningur til marks vit saudanessmenn.“ - DI V, 83-284. Árin 1525 og 1563 er samskonar ítak ennþá nefnt í máldögum Múlakirkju - DI IX, 327 og DI XIV, 143.

Túnakort 1920: Tún 3,2 ha að stærð, þar af 0,5 ha slétt. Í Jarðabók Árna og Páls árið 1712 er búskaparhefðum og landkostum lýst svo: „Útigangur lítill í fjörunni og ljettur á landi, og þarf rosknu fje heystyrk að atla, og lömbum fóður hjer um til helmínga. Hestaganga í lakara lagi. Torfrista og stúnga næg. Rifhrís til eldiviðar bjargleg, en til heystyrkss litið sakir feyskju. Silúngsveiði í sjónum og sjóarlónum framan af sumri að nokkru gagni. Selveiði af látrasel og vöðusel hefur áður verið góð, en um lánga tíma engin af vöðuselnunum. Hin hefur smám saman farið til rýrðar og er nú valla til hlunninda teljandi, Rekavon í betra lagi, hefur þó ekki heppnast í nokkur ár frammar en til húsabyggíngar. Túnið spillist af grjótsuppgang. Úthagarnir eru nóg víðlendir og grösugir, en búljettir mjög. Hætt er kvikfje fyrir djúnum og lækjum, sem oft verður mein að. Vatnsvegur í lengra lagi. Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur, og mega ganga so mörg skip sem ábúendur fá við komið. Einn bátur gengur hjer nú.“ JÁM XII, 372-373.

Í Sýslu og sóknalýsingum frá 1840 segir einnig: „Jörð þessi hefur útheyskap sémilegan en langan og illan veg að ná hönum vegna fora og ófærra rauðbreyskingsflóa. Útbeitarslæm á vetrum,“ - SSP, 287.


Skráðar minjar

NP-112:080 tóft beitarhús

A: 668014 N: 637635

Greinileg beitarhúsatóft er um 1,7 km suðaustan við bæjarhól Syðra-Lóns 001, um 160 m norðaustan við Norðausturveg 85 og um 170 m sunnan við aðra beitarhúsatóft 081. Tóftin er í vesturbrún 3-5 m hás malarholts sem liggur út frá Norðausturveginum til NNV. Gróðurþekja á kolli holtsins er mjög rofin og er tóftin aðeins um 5 m neðan og vestan roflínu.

Tóftin er vel grasi- og mosagróin. Hún er um 16 m á lengd, 5-5,5 m á breidd og snýr austur-vestur. Veggir eru signir og eru 0,5-1 m á hæð að utan, en að innan er tóftin aðeins grynri. Tóftin er greinilega tvískipt, en ekki er útilokað að hún hafi einhvern tímann verið þrískipt. Vestara hólfið er skýrara og er um 2x1,5 m að innanmáli, á meðan eystra hólfið er um 8,5x1,5 m að innanmáli. Bæði hólfin hafa sömu stefnu og tóftin. Greinilegar grjóthleðslur má sjá í vegg sem skilur á milli þessara tveggja hólfa. Óljóst er hvar gengið hefur verið inn en það hefur líklega verið að vestanverðu. Umferð búpenings hefur myndað götuslóða sem liggur norður-suður yfir austurenda tóftarinnar og myndað dæld í nyrðri vegg eystra hólfsins.



Mynd 4: Tóft NP-112:080 við fyrirbugaða námu 3 í landi Syðra-Lóns. Horft til V. Teikning sýnir uppmælingu tóftar. Myndast hefur op eða dæld ofan í nyrðri vegg eystra hólfsins vegna umferðar búpenings yfir tóftina.


NP-112:081 tóft beitarhús

A: 668019 N: 637803

Greinileg beitarhúsatóft er um 3,6 km suðaustan við bæjarhól Syðra Lóns 001, um 310 m norðaustan við Norðausturveg 85 og um 170 m norðan við beitarhústóft 080. Tóftin er í norðvesturbrún 3-5 m hás malarholts sem liggur út frá Norðausturvegi til NNV. Gróðurþekja á kolli holtsins er mjög rofin og er tóftin aðeins um 10 m neðan roflínu.

Tvískipt tóftin er um 15 m á lengd, um 6-7 m á breidd og snýr ASA-VNV. Vestara og neðra hólfið er stærra, eða um 6x1,6 m að innanmáli. Á meðan eystra og efra hólfið er aðeins um 3x2 m

að innanmáli. Bæði hólfin snúa eins og tóft og gæti það neðra hafa verið fjárhús og það efra verið hlaða. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr torfi og grjóti og eru grjóthleðslur greinilegar. Veggirnir eru um 0,2-0,5 m á hæð og um 1,5-2 m á breidd en veggir efra hólfs eru þó rýrari en veggir neðra hólfs. Ekki er skýrt hvar op hafi verið á tóftinni. Líklega hefur það verið í vesturenda en ekki er greinilegt op milli hólfa.



Mynd 5: Tóft NB-112:081 við námu 3 í landi Syðra-Lóns. Horft til VNV. Teikning sýnir uppmælingu tóftar.

NB-112:082 varða samgöngubót
Grjóthlaðin varða er á malarholti um 3,7 km suðaustan við bæjarhól Syðra-Lóns 001, um 30 m ASA við beitarhús 080 og um 175 m NNA við Norðausturveg nr. 85. Varðan er í miðju rofsvæði efst á 3-5 m háu holtinu sem liggur út frá veginum til NNV.

Varðan er hlaðin úr hellugrjóti en hleðslur eru mjög signar og grónar mosa og grasi. Enn hægt að greina óljóst 2-3 umför en varðan hefur verið um 1x1 m að flatarmáli og um 0,4 m á hæð. Hlutverk hennar er óþekkt en hún stendur hátt og getur vel verið að hún hafi vísað ferðalöngum á beitarhús 080 og 081.

A: 668052 N: 637627



Mynd 6: Varða NB-112:082 í landi Syðra-Lóns. Horft til norðurs.


5. Samantekt um fornleifar innan efnistökusvæða

Við skráninguna á vettvangi var gengið skipulega yfir öll fyrirhuguð námusvæði 1-9 beggja vegna Norðausturvegar 85 sem liggur yfir Langanes frá Þórshöfn í vestri yfir í Gunnólfsvík í austri (sjá yfirlitsmynd 1 og samantekt í töflu 1). Fjórar fornleifar voru skráðar að þessu sinni innan jarðanna Gunnólfsvíkur NM-001 og Syðra-Lóns NÞ-112, ein tóft NM-001:093 við *námu 1* (mynd 7) og tvær beitarhúsatóftir NÞ-112:080-081 og varða 082 við *námu 3* (mynd 8).

Tafla 1: Yfirlit yfir staðsetningu, umhverfi og fjölda fornleifa innan hvernar námu (sjá yfirlitsmynd 1).


Náma Nr.	Staðsetning	Umhverfi	Fjöldi fornleifa
1	Gunnólfsvík	Norðan Bjarnalækjar, fast austan Geysirófu, malarkambur, gömul náma.	1
2	Gunnólfsvík	170 m suðaustan námu 1, náma, grónir sjávarkambar.	óþekkt
3	Botnar, Brekknaheiði	Norðan vegar 85, um 50 m utan áætlaðs vegstæðis, malarás.	3
4	Hraunkotsurðir, Brekknaheiði	Fast sunnan vegar 85, malarkambur.	0
5	Gunnólfsvík	Fast við hlið námu 2, náma, grónir sjávarkambar.	óþekkt
6	Stampar, Vatnadalur	NNV og ofan Halldórsstaðabruna, norðan vegar 85, lítill malarkambur, rétt utan áætlaðs vegstæðis.	0
7	Stampar, Vatnadalur	NNV og ofan Halldórsstaðabruna, norðan vegar 85, lítill malarkambur, í áætluðu vegstæði.	0
8	Þórshöfn	Um 220 m norðan vegar 85, melur suðaustan og ofan við þéttbýlið á Þórshöfn.	0
9	Botnar, Brekknaheiði	Fast norðan vegar 85, um 220 m VSV við námu 3, malarkambur, að mestu í áætluðu vegstæði.	0

Námur 1 og 4 eru eldri námur sem eru þegar í notkun og er ætlunin að stækka námu 4 lengra til suðurs. Á þessu svæði er mjög þýft flatlendi en engar minjar eru greinanlegar þar á yfirborði. Búið er að grafa niður könnunarskurði hér og þar á svæðinu, líklega vegna fyrirhugaðrar efnistöku. Allar aðrar námur eru á malarríkum og rofnum svæðum sem ekki hafa verið nýtt áður til efnistöku. Einnig er þó greinilegt að búið er að grafa a.m.k. fjóra litla skurði innan *námu 8* sem er næst Þórshöfn. Ef ekki er um prufuskurði vegna áætlaðs malarnáms að ræða þyrfti að ganga úr skugga um að ekki hafi verið urðaðar skepnur á svæðinu. Hlutar af námum 7, 8 og 9 eru innan svæðis sem áður hafði verið tekið út með tilliti til fornleifa innan áhrifasvæðis nýs vegar yfir Brekknaheiði. Þeir hlutar námanna sem stóðu út af voru skoðaðir á vettvangi þegar aðrar námur voru teknar út. Engar fornleifar bættust þar við. Engar greinilegar minjar fundust heldur á yfirborði í *námu 6*.



Mynd 7: Yfirlitskort af námu 1 og tóft NM-001:093 sem sést neðarlega á kortinu, utan í suðvesturjaðri námunnar.

© Fornleifastofnun Íslands. Loftmyndir: Loftmyndir ehf.



Mynd 8: Yfirlitskort af námu 3 þar sem skráðar voru tvær beitarhúsatóftir NP-112:080 og 081 og varða 082.

© Fornleifastofnun Íslands. Loftmyndir: Loftmyndir ehf.

Eins og fram hefur komið hér að ofan voru fornleifar skráðar í tengslum við námu 1 rétt austan Norðausturvegar í Gunnólfsvík og á heiðinni við námu 3 norðan vegarins í Botnum. Í Gunnólfsvík, fast í suðurjaðri námu 1 (mynd 7), var skráð tvískipt og torfhlaðin tóft NM-001:093 sem af útliti og fjarlægð frá bæ að dæma gæti verið beitarhús eða stekkur. Hugsanlegt er að malarnám á svæðinu sé þegar búið að skemma norðurenda tóftarinnar.


Námu 3 á að opna í stóru malarholti á Brekknaheiði sem liggur NNV-SSA, norður af Norðausturvegi 85. Í brún holtsins að vestan- og norðvestanverðu eru tvær beitarhúsatóftir NP-112:080 og NP-112:081 5-8 m utan við fyrirhugað námusvæði (mynd 8). Milli tóftanna tveggja eru um 170 m í N-S stefnu. Beitarhúsatóftirnar eru mjög keimlíkar í útliti og gætu vel hafa verið í notkun á svipuðum tíma. Í báðum tóftum 081 og 082 er efsta hólfi í austurenda óljósara eða rýrara en hin neðri og gæti það orsakast af því að tóftir hafi verið grafnar ofan í brekkuna og veggir hafi verið hlaðnir aðeins hærra neðst. Tóft 080 gæti verið eitthvað rofin eða hólfsveggir samfallnir í austurenda. Hvaðan beitarhúsin hafa verið nýtt er þó óljóst. Líklegast er að þau hafi verið notuð af bændum á Syðra-Lóni eða býlum sem byggðust upp innan jarðarinnar. Ekki er þó útilokað að þorpsbúar í Þórshöfn hafi haft kindur á húsum á þessum stað. Innan fyrirhugaðrar námu er svo einnig hrúnin grjóthlaðin varða NP-112:082 sem gæti vel hafa verið samgöngubót sem vísaði ferðalöngum á beitarhúsin.

Ekki var hægt að taka út *námu* 2 og 5 í Gunnólfsvík. Þegar fornleifaúttektin fór fram í nóvember síðastliðnum var efnistaka þegar hafin í námunum og búið að grafa niður á 2-4 m dýpi í malarkambinn (mynd 9). Þar var því ekkert óraskað svæði sem hægt var að kanna með tilliti til fornminja. Á nýlegri loftmynd frá Loftmyndum ehf (mynd 10) má sjá hvernig umhorfs var á svæðinu áður en efnistaka hófst. Ekki er því hægt að segja til um það hvort þar hafi verið fornleifar.

Óheimilt er að raska á nokkurn hátt svæðum innan við 15 m frá friðuðum fornleifum. Minjarnar sem skráðar voru eru allar metnar í stórhættu því þær eru ýmist innan fyrirhugaðra efnistökusvæða eða svo nærri þeim að jaðar efnistökusvæðanna nær inn fyrir 15 m helgunarsvæði fornleifanna. Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að skera úr um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja við slíkar aðstæður.



Mynd 9: Efnistaka er þegar hafin í malarnámum 2 og 5 og var því ekki hægt að taka út svæðin með tilliti til fornleifa. Ljósmynd er tekin á suðurbakka Bjarnalækjar til suðurs.



Mynd 10: Loftmynd af áætluðum malarnámum 2 og 5 í Gunnólfsvík, sunnan Bjarnalækjar efst.
© Fornleifastofnun Íslands. Loftmyndir: Loftmyndir ehf.

6. Heimildaskrá

Útgefnar heimildir

BL: Björn Lárússon, 1967. *Old Icelandic Land Registers*. Doktorsritgerð við Háskólann í Lund. W. F. Salisbury (þýðandi). Lund: Gleerup.

DI X: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn*, 1857-1972. I–XV. bindi. Kaupmannahöfn/Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

FEB: *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar*, 1981. II. bindi. Reykjavík: Örn og örlygur.

Gylfi Helgason (ritstj.), 2019. *Fornleifaskráning vegna breytinga á Norðausturvegi yfir Brekknaheiði í Langanesbyggð*. FS770-19321. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

HS: Halldór Stefánsson, Þorsteinn M. Jónsson, Sigurður Baldvinsson, Bjarni Vilhjálmsson, & Jón Ólafsson, 1947. *Austurland: safn austfirzka fræða*. 2. bindi. Akureyri: Sögusjóður Austfirðinga.

ÍF I: *Íslenskt fornrit I. Íslendingabók og Landnáma*. 1933. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

JÁM XI: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, 1943. XI. Bindi. Þingeyjarsýsla. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

JJ: Johnsen, J., 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].

Land og fólk: Þórarinn Þórarinnsson, Þórarinn Kristjánsson og Halldór Sigurðsson (ritstj.), 1985. *Land og fólk. Byggðasaga Norður-Þingeyinga*. Akureyri: Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga.

SJM I: Ármann Halldórsson (ritstj.), 1974. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi: Strönd, Vopnafjörður, Jökulsárhlöð, Jökuldalur, Hróarstunga, Fell*. I. bindi. Egilsstaðir: Búnaðarsamband Austurlands.

SJM V: Ármann Halldórsson, Sigmar Magnússon, Þorsteinn Bergsson (ritnefnd), 1995. *Sveitir og jarðir í Múlaþingi: Sveitabreppar í Múlasýslum frá Langanesi að Lónsheiði*. V. bindi. Egilsstaðir: Búnaðarsamband Austurlands.

SSÞ: Björn Hróarsson, Heimir Pálsson og Sigurveig Erlingsdóttir (ritnefnd), 1994. *Þingeyjarsýslur: Sýslu- og sóknalýsingar 1839–1844*. Reykjavík: Sögufélag.

Aðrar heimildir:

Orri Vésteinsson. á.á. *Kirkenaskrá*. Óbirt gögn. Varðveitt á Fornleifastofnun Íslands ses.

Túnakort Gunnólfsvíkur, 1920. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík. Aðgengilegt rafrænt á

<http://skjalaskrar.skjalasafn.is>

Túnakort Syðra-Lóns, 1920. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík. Aðgengilegt rafrænt á

<http://skjalaskrar.skjalasafn.is>

Ö-Syðra-Lón: Örnefnaskrá Syðra-Lóns, Þórshafnarhreppur. Ari Gíslason skráði. Örnefnasvið
Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík. Aðgengileg rafrænt á
<https://nafnid.is>

7. Hnitaskrá ISN93

Samtala	Austur	Norður
NM-001:093	673625	631771
NÞ-112:080	668014	637635
NÞ-112:081	668019	637803
NÞ-112:082	668052	637627